



61. fundur.

20. nóvember 2014 kl. 10:00 -11:30

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Sæþór Gunnsteinsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Umhverfi Goðafoss . Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi.*
2. *Illugastaðir. Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi.*

1. Umhverfi Goðafoss. Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi.

S20140302.

Lögð fram til kynningar drög að deiliskipulagi þjónustusvæðis og deiliskipulagi vegna nýrrar brúar yfir Skjálfandfljót við Fosshól, uppdráttur og greinargerð, sem Landslag ehf og Gláma Kím hafa unnið fyrir Þingeyjarsveit og Vegagerðina. Deiliskipulagsgögn á fyrri stigum hafa áður verið kynnt fyrir nefndinni. Ekki náðist samstaða með ferðaþjónustuaðilum austan árinna til að gera heildarskipulag fyrir allt svæðið eins og stefnt var að í upphafi.

Einnig lög fram lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem nauðsynlegt er að gera samhliða gerð deiliskipulags þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir

þjónustubyggingu vestan árinna í gildandi aðalskipulagi. Lýsingin er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum ehf.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir áframhaldandi vinnu við deiliskipulagið á þeim nótum sem lagt hefur verið upp með og óskar eftir því að endanleg gögn verði lögð fyrir næsta fund nefndarinnar 18. desember n.k. Jafnframt verði breytingarblað vegna breytinga á aðalskipulagi lagt fyrir sama fund.

Nefndin leggur einnig til við sveitarstjórn að lýsingin vegna breytinga á aðalskipulagi verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og einnig að kynna hana fyrir almenningi eins og 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

2. Illugastaðir. Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi

S20131001.

Tekið fyrir að nýju erindi dags 25. september 2013 frá Ágústi Hafsteinssyni, arkitekt, fyrir hönd landeiganda, Alþýðusambands Norðurlands, þar sem óskað er eftir heimild til þess að fá að deiliskipuleggja svæði fyrir frístunda- og þjónustuhús í landi Illugastaða í Fnjóskadal skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti á fundi sínum 17. október 2013 að heimila landeiganda að láta vinna deiliskipulag vegna stækkunar á orlofshúsasvæðinu á Illugastöðum skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin vakti einnig athygli á því að samhliða deiliskipulagsgerðinni þyrfti að breyta Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 til samræmis við stækkun svæðisins.

Innkomin ný gögn 17. nóvember frá Arkitektastofunni Form ehf, Ágústi Hafsteinssyni, lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna stækkunar á frístundabyggðinni á Illugastöðum í 38 ha en í gildandi aðalskipulagi er um 19.7 ha stórt svæði skilgreint sem „svæði fyrir frístundabyggð“.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að lýsingin verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leita umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og einnig að kynna hana fyrir almenningi eins og 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

Fundi slitið.